

Aðalfundur Öldungadeildar Skýrslutæknifélags Íslands 2016

24. febrúar 2016 kl. 12:00 hjá ICEPRO Borgartúni 35, 105 Reykjavík

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri var kosinn Jóhann Gunnarsson og fundarritari Sigrún Helgadóttir.

2. Skýrsla formanns

Þorsteinn Hallgrímsson lagði fram skriflega skýrslu sem hann sagði frá.

- Tveir stjórnafundir voru haldnir á árinu 2015.
- Saga upplýsingatækni á Íslandi 1954–2014. Þorgrímur Gestsson skilaði handriti í apríl 2015 um tímabilið 1964–1994 og sagði sig frá verkinu. Anna Ólafsdóttir Björnsson sagnfræðingur og tölvunarfræðingur tók við verkinu í ágúst 2015. Hún hefur nú skilað alfa-útgáfu til yfirlstrar. Vonir standa til þess að vefútgáfa sögunnar verði opnuð vorið 2016. Ekki verður um endanlega útgáfu að ræða. Mögulegt verður að setja inn athugasemdir og viðbætur og e.t.v. verður möguleiki á uppfærslu einu sinni til tvisvar á ári. Enn vantar myndir og er auglýst eftir þeim. Öldungadeildin hefur tekið að sér að fara yfir aðsendar myndir og velja myndir til birtingar. Arnlaugur Guðmundsson er formaður ritnefndar.
- Fræðslufundur. Einn fræðslufundur fyrir félagi í Öldungadeildinni var haldinn 27.10.2015 í Þjóðarþóklöðunni þar sem gagnsöfnin timarit.is og vefsafn.is voru kynnt.
- Minjasöfnun. Félagar í Öldungadeild hafa staðið fyrir söfnun á eldri tölvubúnaði sem nú er geymdur í geymslu hjá Nýherja. Geymslan er örugg en ekki er hægt að bæta við og efnið er mjög óaðgengilegt. Þorsteinn taldi mikilvægt að finna geymslu sem stæði til boða í a.m.k. 10 ár og væri ekki mjög dýr.

3. Umræða um skýrslu formanns.

Nokkuð var talað um öflun mynda. Sigrún Helgadóttir benti á að Hörður Arinbjarnar, sem starfaði á Reiknistofnun Háskólans, hafi tekið mikið af myndum. Hann er nú látinn en Sigrún tók að sér að hafa samband við dóttur Harðar.

Örn Kaldalóns minnti á að Ottó Michelsen hefði átt 3 möppur með myndum. Menn töldu að möppurnar gætu verið í Skjalasafni Háskóla Íslands og Þorsteinn Hallgrímsson tók að sér að kanna það.

4. Kosning stjórnar

Fráfarandi stjórn gaf kost á sér og var sjálfkjörin. Í stjórn eru því:

Ágúst Úlfar Sigurðsson

Bergsveinn Þórarinnsson

Bergþóra K. Ketilsdóttir

~~Þorsteinn Hallgrímsson~~

Jón Ragnar Höskuldsson, ~~meðstjórnandi~~

~~Örn Kaldalóns~~ Þorsteinn Hallgrímsson, meðstjórnandi

Ágúst Úlfar Sigurðsson ~~Örn Kaldalóns, meðstjórnandi~~

Bergþóra K. Ketilsdóttir, meðstjórnandi

~~Bergsveinn Þórarinnsson, meðstjórnandi~~

7.5. Önnur mál

Ályktun um máltækni

Þorsteinn Hallgrímsson lagði fram eftirfarandi tillögu til ályktunar:

Öldungadeild Ský beinir því til stjórnar Ský að taka virkan þátt í að tryggja fjárframlög til Máltækniþjóðs í samræmi við þá áætlun sem „Nefnd um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatekni“ setti fram árið 2014 í skýrslu sinni um notkun á íslensku í stafrænni upplýsingarækni.

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=45BF6E91E01EEC7600257DF600495736&action=openDocument>

Í áætluninni er gert ráð fyrir að á árunum 2015 til 20124 verði þessi framlög 990 milljónir króna, en árin 2015 og 2016 voru samþykkt framlög á fjárlögum 15 m. kr. og 30 m. kr. Ljóst er að það stefnir í óefni með að framfylgja þessari áætlun.

Nokkrar umræður urðu um tillöguna. Sigrún Helgadóttir sagði í stuttu máli frá sögu máltækni á Íslandi. Þorsteinn skýrði einnig nánar ástæðu þess að hann legði ályktunartillöguna fram. Honum þykir stjórnvöld ekki standa sig í að leggja fram fjárveitingar til þessa málefnis sem er mjög brýnt. Jóhann Gunnarsson sagði að nauðsynlegt væri að þrýstingur á stjórnvöld kæmi úr öllum áttum. Ályktunin var samþykkt.

Minjasöfnun Landsbankans

Landsbanki Íslands á safn minja um tölvubúnað. Þorsteinn Hallgrímsson og Sigurður Bergsveinsson hafa hitt umsjónarmenn safnsins. Ósk hefur komið frá Landsbankanum um samstarf við Öldungadeildina um að fara yfir búnaðinn með umsjónarmönnum safnsins, bera saman við safn Öldungadeildar, eyða tvítökum og mynda og skrá munina. Landsbankinn mun áfram varðveita safn sitt þó að þeir vilji frekar losna við að geyma það. Óskað var eftir sjálfboðaliðum til þess að fara yfir safn Landsbankans en það er geymt í Kópavogi. Lagt var til að skipulagðir yrðu tilteknir vinnudagar og menn hvattir til þess að mæta.

Rætt var um framtíðarhúsnæði fyrir minjasafn Öldungadeildar. Æskilegt væri að fá húsnæði sem væri tryggt til a.m.k. 10 ára og væri annað hvort gjaldfrjálst eða ódýrt í leigu. Menn virtust álíta að safnið mætti staðsetja utan höfuðborgarsvæðisins en þó svo að ekki væri lengri akstur á staðinn en klukkustund frá Reykjavík. Lögð var áheyrsla á að húsnæðið væri um leið einhvers konar félagsaðstaða þar sem menn gætu skoðað og unnið við safnkostinn.

Bent var á önnur söfn: Á vegum Opinna kerfa mun vera safnað gömlum búnaði, Apple umboðið mun safna gömlum búnaði og einnig er fjarskiptabúnaður og e.t.v. gamall tölvubúnaður í Tækniminjasafni Austurlands á Seyðisfirði, í Samgöngusafninu á Skógum og Landsvirkjun geymir gamlan búnað í Keflavík.

Tillaga um íslenskt mál

Sigrún Helgadóttir greindi frá því að hún myndi leggja fram eftirfarandi tillögu á aðalfundi Skýrslutæknifélagsins 25. febrúar 2016:

Lagt er til að stjórn félagsins setji félaginu málstefnu og skilgreini nauðsynlegar aðgerðir til þess að framfylgja þeirri stefnu.

Undir þetta rita: Sigrún Helgadóttir, tölfræðingur og fyrrverandi formaður Tölvuorðanefndar; Dr. Þorsteinn Sæmundsson, stjórnufræðingur og fyrrverandi

nefndarmaður í Tölvuorðanefnd; Örn Kaldalóns kerfisfræðingur og fyrrverandi
nefndarmaður í Tölvuorðanefnd; Dr. Sigurður Emil Pálsson, eðlisfræðingur og Heiða
Dögg Jónsdóttir, tölvunarfræðingur.

HiNC

Anna Kristjánsdóttir sagði frá samstarfi Skýrslutæknifélaganna á Norðurlöndum um að fjalla um og kynna þróunarsögu upplýsingatækni á Norðurlöndum. Haldnar hafa verið fjórar ráðstefnur um efnið og kallast þær HiNC sem stendur fyrir *History og Nordic Computing*. Íslendingar hafa sótt þessar ráðstefnur og stundum flutt erindi. Síðasta ráðstefnan, HiNC4, var haldin í Kaupmannahöfn sumarið 2014. Anna Kristjánsdóttir sótti þá ráðstefnu og flutti inngangserindið *Relationship between IT and Learning* og tók einnig þátt í norrænu pallborði um efnið. Arnlaugur Guðmundsson sótti einnig ráðstefnuna. Í samtölum við forsvarsmenn ráðstefnunnar kom fram að menn voru ekki bjartsýnir um að HiNC5 yrði nokkurn tíma haldin. Anna lagði því fram hugmynd um að ljúka þessum kafla sögunnar á eftirfarandi hátt:

Mig langar því að reifa þá hugmynd að við skrifum stutta samantekt til kynningar á þessari bók [sögu tölvutækninnar á Íslandi, innskot fundarritara] og þeim viðtölum sem tekin eru í tengslum við hana og þýðum á Norðurlandtungu/ur.

Þegar liggur svo fyrir hvenær bókin komi út sendum við þetta síðan til forsvarsmann HiNC4 og bjóðum þeim að koma til Íslands og vera viðstaddir. Einnig legg ég til að á opnum fundi SKÝ þar sem fjallað verði um bókina, sé þeim boðið að halda stutt erindi um sögulegt málefni UT innan þeirra landa og valda safngripi. Ég tel að við getum ætlað þeim að kosta sjálfir ferð sína og gistingu og auðveldar boð um að flytja stutt erindi fjármögnun þeirra.

Ef ekki verður af fleiri HiNC-ráðstefnum væri það, sem ég sting hér upp á, alla vega verðug lok á þessum kafla sögunnar. Með von um góðar undirtektir á aðalfundi Öldungadeildar SKÝ hinn 24.2.2016.

Anna Kristjánsdóttir

Tillöggunni var vísað til stjórnar Öldungadeildar til athugunar.

Jóhann Gunnarsson þakkaði góða fundarsetu og sleit fundi kl. 13:30.

Fundarmenn

Anna Kristjánsdóttir
Arnlaugur Guðmundsson
Ágúst Ú. Sigurðsson
Bergsveinn Þórarinnsson
Bergur Jónsson
Hjálmtýr Guðmundsson
Hulda Guðmundsdóttir
Jón Ragnar Höskuldsson
Jóhann Gunnarsson
Jón Gestur Viggósson
Sigrún Helgadóttir

Sigurður Bergsveinsson

Þorsteinn Hallgrímsson

Örn Kaldalóns